



UMBOÐSMÁÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 30. apríl 2021

Efni: Frumvarp til laga um hjúskaparlög (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl., 646. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með því sé verið að leggja til afnám núgildandi undanþágu frá því að heimila einstaklingum yngri en 18 ára að ganga í hjúskap. Segir enn fremur í greinargerðinni að tilgangurinn sé að samræma hjúskaparlögin alþjóðlegum tilmælum og viðhorfum varðandi lágmarksaldur til þess að ganga í hjúskap.

Samkvæmt Barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, ber að líta á alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem börn, þannig að þau fái notið allra þeirra réttinda sem þar er kveðið á um. Samkvæmt 4. gr. sáttmálans, ber aðildarríkjum að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum, komi til framkvæmda.

Alþjóðlegir eftirlitsaðilar með framkvæmd mannréttindasáttmála sem og frjáls félagasamtök sem vinna að mannúð og mannréttindum, hafa lengi barist gegn barnahjónaböndum, enda stafar börnum og þá sér í lagi stúlkum, hætta af hjónaböndum, sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir að þau njóti sjálfsákvörðunarréttar, menntunar og verndar gegn hvers kyns ofbeldi.

Þá hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna ítrekað komið því á framfæri við aðildarríki Barnasáttmálans, að þeim beri að grípa til allra tiltækra ráðstafana, til að koma í veg fyrir hjónabönd barna, óháð því hvort samþykki forsjáaðila liggi fyrir, með því að lögfesta 18 ára hjúskaparaldur sem eingöngu megi víkja frá í sérstökum undantekningartilvikum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu mælir umboðsmaður barna því með samþykkt frumvarpsins. Að mati umboðsmanns barna er þó mikilvægt að kveðið verði á um að undanþágu frá 18 ára aldurstakmarki beri að túlka þröngt og á grundvelli einstaklingsbundins heildarmats á aðstæðum, þörfum og hagsmunum viðkomandi barns.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna